

19. fundur hreppsnefndar Ásahrepps, haldinn á skrifstofu Ásahrepps miðvikudaginn 16. október 2019 klukkan 8:30.

Mættir voru: Ásta B. Ólafsdóttir, oddviti hreppsnefndar, Karl Ölvisson sem varamaður Brynju J. Jónasdóttur, Egill Sigurðsson, Elín Grétarsdóttir, Guðmundur Gíslason og Valtýr Valtýsson sveitarstjóri.

Fundargerð var færð í tölvu og hana ritaði Valtýr Valtýsson.

Ásta B. Ólafsdóttir setti fund og bauð fundarmenn velkomna og kannaði hvort athugasemdir væru við boðun fundar. Engar athugasemdir voru gerðar.

1. Fundargerðir til samþykktar:

- 1.1. Fundargerð fundar atvinnu-, jafnréttis- og ferðamálanefndar Ásahrepps og umhverfisnefndar Ásahrepps, dags. 30. september 2019.
Elín lætur bóka orð oddvita að „ég sé ekkert athugavert við boðun fundarins“. Fulltrúar E-lista samþykkja ekki fundargerðina þar sem ranglega var staðið að boðun fundarins. Jafnframt komi ekki fram í fundargerð hreppsnefndar hver fari með formennsku í umræddum nefndum.

Fundargerðin borin upp til afgreiðslu og er samþykkt með þremur atkvæðum (ÁBÓ, GG, KÖ) en tveir eru á móti (EG, ES).

- 1.2. 184. fundur skipulagsnefndar, ásamt afgreiðslum byggingarfulltrúa 19-106. Mál nr. 20; Afgreiðslur byggingarfulltrúa 19-106 – 1909002F.
Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 19. september 2019 lagðar fram til kynningar.

2. Fundargerðir til kynningar:


- 2.1. 19. fundur stjórnar Odda bs.
2.2. 6. fundur stjórnar Húsakynna bs.
2.3. 60. fundur stjórnar Brunavarna Rangárvallasýslu bs.
2.4. 206. fundur stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs.
2.5. 70. fundur félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu.
2.6. Fundur faghóps sveitarfélaga á Suðurlandi um ferðamál, dags. 11.09.2019.
2.7. 199. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands.
2.8. 284. fundur stjórnar SOS.
2.9. 285. fundur stjórnar SOS.
2.10. 38. fundur stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga.
2.11. 874. fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
2.12. 9. fundur stjórnar Bergrisans bs.

3. Rekstraryfirlit sveitarsjóðs Ásahrepps 2019.

Lagt fram rekstraryfirlit sveitarsjóðs Ásahrepps frá 14. október 2019.

4. Fyrstu drög og forsendur vinnu fjárhagsáætlunar Ásahrepps 2020-2023.

Umræða varð um forsendur fjárhagsáætlunar fyrir árin 2020-2023. Stefnt er að því að leggja fjárhagsáætlun fram til fyrri umræðu á nóvemberfundi hreppsnefndar. Gert er síðan ráð fyrir aukafundi í byrjun desember þar sem fjárhagsáætlun verður tekin fyrir til lokaafgreiðslu.



5. Endurskoðun Aðalskipulags Ásahrepps.

Lögð fram drög að verk- og kostnaðaráætlun vegna endurskoðunar Aðalskipulags Ásahrepps 2020-2032. Einnig lögð fram drög að verksamningi við Eflu hf. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi drög að verk- og kostnaðaráætlun ásamt verksamningi og felur sveitarstjóra að undirrita verksamninginn fyrir hönd Ásahrepps.

Einnig voru lagðar fram hugmyndir um deiliskipulag fyrir fjallaskála á Holtamannafrétti. Farið var yfir lita yfir skálasvæði og fjallasel skv. gildandi aðalskipulagi.

6. Drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995.

Lagðar fram athugasemdir við frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Óskar Sigurðsson lögmaður hjá LEX hefur unnið umrætt skjal í samvinnu við sveitarfélögin Ásahrepp, Fljótsdalshrepp, Grímsnes- og Grafningshrepp, Hvalfjarðarsveit og Skorradalshrepp. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða framlagðar athugasemdir fyrir sitt leyti.

7. Samkomulag um afnotarétt í þjóðlendu; Fremstatunga á Holtamannafrétti.

Lögð fram drög að samkomulagi um afnotarétt í þjóðlendu, þ.e. lóðin Fremstatunga á Holtamannafrétti. Á lóðinni eru staðsett starfsmanna- og íbúðarhús í eigu Landsvirkjunar.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi samkomulag og felur sveitarstjóra að undirrita samkomulagið fyrir hönd Ásahrepps og koma skjalinu í þinglýsingu.

8. Sóknaráætlun Suðurlands 2020-2024.

Lögð fram drög að Sóknaráætlun Suðurlands 2020-2024. Hreppsnefnd Ásahrepps gerir engar athugasemdir við framlögð gögn.

9. Lagning slitlags á heimreiðar í Ásahreppi.

Lagt fram yfirlit yfir þær heimreiðar í Ásahreppi sem leggja skal bundið slitlag á í haust. Vegagerðin hefur umsjón með verkefninu og framkvæmdi verðkönnun vegna þessara verkefna. Kostnaður við verkefnið skv. verðkönnun nam kr. 10,7 milljónum króna.

Við frekari úrvinnslu mála hefur komið í ljós að heimreið að Skógarási er 280 metrum lengri en kom fram í vegaskrá Vegagerðarinnar. Kostnaður vegna þeirrar heimreiðar mun því hækka sem nemur 3,6 milljónum króna.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að auka fjárveitingu til fjárfestingar í vegamálum um 3,6 milljónir króna, vegna lengingar á heimreið að Skógarási, og verði peningaleg eign sveitarfélagsins nýtt til að greiða þann aukna kostnað. Peningaleg eign Ásahrepps mun því lækka sem nemur aukningu fjárfestingar í vegagerð.

Sveitarstjóra falið að útfæra Viðauka 1 við gildandi fjárhagsáætlun ársins 2019 vegna þessa aukna kostnaðar við fjárfestingu í vegamálum. Einnig verði áhrif hæstaréttardóms færð inn í þann viðauka en þar er um að ræða hækkun skatttekna og fjármagnstekna ásamt kostnaði vegna lögfræðipjónustu við málaferlin.

Einnig hefur komið fram að ekki er gildandi deiliskipulag vegna heimreiðarinnar að Ási 3. Ef klæða skal þá heimreið þarf heimreiðin að komast á vegaskrá. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að heimreiðin verði staðsett eins og hún hefur verið lögð út, sem framtíðar heimreið að íbúðarhúsinu.

10. Nýjar tengingar við ljósleiðara Ásaljóss.

Fyrir liggja umsóknir um nýjar tengingar við Ásaljós, þ.e. að Hellatúni þar sem starfrækt er gistipjónusta, lóð C í Hellatúni og að Hlíð.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að heimila tengingu að Hellatúni og Hlíð og felur sveitarstjóra að setja þau verkefni í framkvæmd.

Jafnframt samþykkir hreppsnefnd að fela sveitarstjóra að gera samkomulag við Gumund Daníelsson um viðhald gagnagrunns Ásaljóss og umsjón með tengingum í stjórnstöð og verði samkomulagið lagt fyrir hreppsnefnd til staðfestingar.

11. Erindi frá E-lista, dags. 11. október 2019:

Lagt fram erindi fulltrúa E-lista, mótttekið 11. október 2019, sem eru tillögur í fjórum liðum ásamt greinargerðum:

11.1. Heimgreiðslur.

Fulltrúar E-lista leggja til að heimgreiðsla hækki úr kr. 30.000 í kr. 80.000 á mánuði á hvert barn á aldrinum 9 – 18 mánaða. Þó allt frá 6 mánaða aldri ef foreldri á ekki rétt á fæðingarorlofi af einhverjum ástæðum.

Hreppsnefnd Ásahrepps vísar þessu til næsta fundar þegar gjaldskrár verða ákvarðaðar og sveitarstjóri mun taka tillit til þessara breytinga í vinnu við fjárhagsáætlun.

11.2. Tómstundastyrkur.

Fulltrúar E-lista leggja til að hámarks fjárhæð tómstundastyrks verði hækkaður úr kr. 55.000 í kr. 70.000 á barn fyrir árið 2019.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að tómstundastyrkur hækki í kr. 75.000 fyrir árið 2019 og vísar þeirri ákvörðun til gerðar fjárhagsáætlunar 2020.

11.3. Gámasvæðið sunnan Landvegamóta.

Fulltrúar E-lista leggja til að þjónustan á gámasvæðinu við Landvegamót verði efl.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að beina því til stjórnar Sorpstöðvarinnar að kanna möguleika á því að hafa fleiri skipti á ári opnun á móttökustöðvarinnar að Landvegamótum.

11.4. Líkamsræktarstöðvar.

Fulltrúar E-lista leggja til að sveitarstjóra verði falið að kanna möguleika á sameiginlegum rekstri á líkamsræktarstöð með Rangárþingi ytra og kostnaðargreina.

Hreppsnefnd Ásahrepps felur sveitarstjóra að skoða möguleika í þessari stöðu og eigi viðræður við Rangárþing ytra um málið.

12. Innsend bréf og erindi:

12.1. Tölvuskeyti Umhverfis Suðurlands, dags. 1. október 2019; tilnefning tengiliðs.

Lagt fram tölvuskeyti Umhverfis Suðurlands þar sem óskað er eftir tengilið sveitarfélagsins við verkefnið.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að tilnefna sveitarstjóra sem tengilið Ásahrepps.

12.2. Bréf umhverfis- og auðlindaráðuneytis, dags. 10. október 2019; tilnefning í svæðisráð vetursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs.

Lagt fram bréf umhverfis- og auðlindaráðuneytis þar sem óskað er eftir tilnefningu eins aðalfulltrúa og eins varafulltrúa í svæðisráð vestursvæðis í Vatnajökulspjöldgarði. Svæðisráð er skipað af umhverfis- og auðlindaráðherra til fjögurra ára í senn.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir að tilnefna:

Aðalmaður: Ásta B. Ólafsdóttir

Varamaður: Guðmundur Gíslason

Samþykkt með þremur atkvæðum (ÁBÓ, GG, KÖ) en tveir sátu hjá (EG, ES).

12.3. Bréf Tré lífsins, dags. 20. september 2019; minningagarðar.

Lagt fram bréf frá Tré lífsins þar sem verið er að kanna afstöðu hreppsnefndar við stofnun Minningagarðs í Ásahreppi.

Sveitarstjóra falið að leita eftir frekari upplýsingum og kanna afstöðu kirkjugarðaráðs sem hefur yfirumsjón með kirkjugörðum landsins skv. lögum nr 36/1993. Afgreiðslu frestað.

12.4. Bréf Æskulýðsnefndar kirkna í Rangárvallasýslu, dags. 12. september 2019; styrkbeiðni.

Lagt fram bréf Æskulýðsnefndar kirkna í Rangárvallasýslu þar sem óskað er eftir fjárstuðningi sveitarfélagsins að upphæð kr. 20.000. Styrknum er varið í hefðbundin verkefni s.s. mótshald með væntanlegum fermingarbörnum og veitingu fjárstyrkja til æskulýðsstarfs einstakra sókna.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir að veita umbeðinn styrk að fjárhæð kr. 20.000 enda samræmist það gildandi fjárhagsáætlun 2019.

12.5. Tölvuskeyti Sigrúnar Þóroddsdóttur, dags. 18. september 2019; landeyðingar við Þjórsá í landi Sauðholts.

Lagt fram tölvuskeyti Sigrúnar Þóroddsdóttur þar sem bent er á viðvarandi landeyðingar við Þjórsár í landi Sauðholts 2.

Oddvita og sveitarstjóra er falið að ræða við bréfitara, Landgræðsluna og Landsvirkjun um hvað hægt sé að gera til að varna frekara landbroti.

12.6. Tölvuskeyti frá Kompás, dags. 20. september 2019; boð um þátttöku í KOMPÁS Þekkingarsamfélagi.

Lagt fram tölvuskeyti frá Kompás þar sem boðin er þátttaka í verkefninu KOMPÁS Þekkingarsamfélag. Kompás er m.a. samstarfsveitvangur fjölda fyrirtækja, ríkis og sveitarfélaga, háskóla o.fl. um miðlun hagnýtrar þekkingar. Stofnkostnaður er kr. 50.000 og síðan mánaðarlegt gjald kr. 3.600.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að taka þátt í þessu verkefni og felur sveitarstjóra að semja um aðgengi að KOMPÁS Þekkingarsamfélaginu til reynslu til eins árs og ákvörðunin endurskoðuð að ári liðnu.

12.7. Tölvuskeyti Huldu Brynjólfsdóttur, dags. 21. september 2019; beini um styrk vegna Dags sauðkindarinnar í Rangárvallasýslu.

Lagt fram tölvuskeyti Huldu Brynjólfsdóttur, f.h. Sauðfjárdagsnefndarinnar, þar sem óskað er eftir fjárstyrk til að standa straum af kostnaði viðburðarins.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að styrkja verkefnið um kr. 50.000 líkt og undanfarin ár. Styrkurinn rúmast innan fjárheimilda fjárhasáætlunar 2019.

12.8. Bréf Ungmennaráðs Suðurlands, dags. 23. september 2019; tilnefning fulltrúa í ungmennaráð Suðurlands.

Lagt fram bréf Ungmennaráðs Suðurlands þar sem óskað er eftir tilnefningu fulltrúa Ásahrepps í ungmennaráði Suðurlands eða endurnýja umboð þess sem setið hefur í ráðinu.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að tilnefna Höllu Rún Erlingsdóttur sem aðalfulltrúa Ásahrepps í Ungmennaráði Suðurlands og Kristján Árni Birgisson til vara.

12.9. Tölvuskeyti Jóns Valgeirssonar, dags. 26. september 2019; þjónustufulltrúi seyruverkefnisins.

Lagt fram tölvuskeyti Jóns Valgeirssonar, sem greinir frá kostnaði við ráðningu þjónustufulltrúa seyruverkefnisins svo og starfslýsingu fyrir þjónustufulltrúann. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir fyrir sitt leyti starfslýsinguna og þá tillögu að kostnaðarskiptingu milli sveitarfélaganna vegna seyruverkefnisins sem útlistað er í fram lögðu tölvuskeyti.

12.10. Tölvuskeyti Héraðsskjalasafns Árnesinga, dags. 27. september 2019; sameining og samvinna héraðsskjalasafna á Suðurlandi.

Lagt fram tölvuskeyti Þorsteins Tryggva Mátssonar, Héraðsskjalasafni Árnesinga, ásamt fundargerð héraðsskjalavaraða á Suðurlandi.

Hreppsnefnd Ásahrepps er fylgjandi þeirri hugmynd að sameina beri þessar stofnanir og efla þar með starfsrækslu lögbundinna hlutverka héraðsskjalasafna.

12.11. Tölvuskeyti Styrktarfélags krabbameinssjúkra barna, dags. 4. október 2019; styrkbeiðni.

Lagt fram tölvuskeyti Styrktarfélags krabbameinssjúkra barna þar sem óskað er eftir fjárstyrk til styrktar starfsemi félagsins í formi styrktarlínu í blaðinu Börn með krabbamein.


Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að styrkja félagið um kr. 15.000 enda samræmist það gildandi fjárhagsáætlun 2019.

13. Bréf og erindi til kynningar:


13.1. Aðalfundur SASS, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Sorpsstöðvar Suðurlands dagana 24. og 25. október 2019.


Fundargerð samþykkt. Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:15.



Ásta B. Ólafsdóttir


Elín Grétarsdóttir


Guðmundur Gíslason


Egill Sigurðsson


Karl Ölvisson


Valtýr Valtýsson